



Dalabyggð

Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisvinnslu í landi Erpsstaða

Vegagerðin tilkynnir hér með til Dalabyggðar áform sín um efnisvinnslu í landi Erpsstaða. Tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda er að tryggja hágæða klæðingarefni til viðhalds og nýframkvæmda á vegum í Dalabyggð. Jafnframt verður unnið efni til hálkuvarna fyrir þjónustustöð Vegagerðarinnar í Búðardal.

Um er að ræða efnistöku í klöpp við Erpsstaði ofan vegar við Vestfjarðarveg sem tilgreind er í nýju aðalskipulagi Dalabyggðar fyrir árin 2020-2032, sem auðkennd er með E19 í kafla 17.7 í greinargerð. Samhliða efnisvinnslu verður tekið efni úr farvegi Miðár þar sem framburður hefur safnast saman og vatnsflæði færst nær Hálsbæjarvegi (852-010) og hætta er á að áin losi efni úr bakka við tiltekin veg. Þetta efni verður nýtt til aðstöðusköpunar og þar með lágmarkast það efni sem fer til spillis af klöppinni. Aðgengi að fyrirhuguðu efnistökusvæði í Miðánni er um áreyrar og öllu raski verður haldið í lágmarki.

Eins og sjá má í fylgiskjali 1 60-03 Erpsstaðir – náma 22597, er gert ráð fyrir að vinna efnið úr námu ofan vegar, sjá afmarkað svæði á kortinu. Stefnt er að því að gera bráðabyrðaveg, að hluta til eftir eldri vegi og um eyrar neðan túns, til að flytja efnið frá námunni að vinnslusvæði. Að lokinni vinnslu verður efnið haugsett þar sem haugsvæði er skilgreint á ofangreindri teikningu. Þegar efnið verður tekið til notkunar verður það flutt frá haugsvæðinu beint upp á Vestfjarðarveg. Við frágang á námu fyrir ofan veg verður gengið frá svæðinu með ofanafmökstri og svarðlagi þannig að áskýnd verði snyrtileg og umferðaröryggi ekki raskað.

Áformað er að efnistakan verði 10.000 m³ úr námu og að hámarki 1500 m³ úr farvegi Miðár. Heildar flatamál sem raskast vegna efnistökkunnar er 20.843 m². Sem er undir viðmiðunarmörkum skv. 2.01 í öðrum viðauka nr. 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, og þar að leiðandi ekki tilkynningarskylt. Sjá skiptingu niður á svæði hér fyrir neðan:

- Efnisnáma Erpsstaðaklöpp 2.150 m²
- Áreyrar 3.325 m²
- Haugsvæði 4.760 m²
- Vinnslusvæði 6.545 m²
- Vegur 4.063 m²

Efnistöku verður hagað þannig að hún valdi sem minnstum spjöllum á landi. Efnistökusvæðið er valið út frá því að svæðið þolir efnistöku án þess að svipmót lands raskist. Talið er að efnistaka hafi óveruleg áhrif. Fyrirhuguð framkvæmd er í samráði við landeigendur og veiðifélagið, sjá fylgisskjöl 2 og 3.

Fyrirhuguð efnistaka og efnisvinnsla er ekki á verndarsvæði skv. Endurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar.

Áætlaður verktími er á tímabilinu 1. febrúar til 1. júlí 2023 þ.e. utan veiðitímabils árinna.

Með bréfi þessu sækir Vegagerðin um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins Dalabyggðar skv. 1. mgr. 13.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og skilmálum í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Óskað var eftir leyfi Fiskistofu fyrir framkvæmdunum 6. september sl. en svör hafa ekki borist. Vegagerðin óskar eftir að Dalabyggð fjalli um málið og gefi út framkvæmdaleyfi með fyrirvara um að leyfi Fiskistofu fáiist. Gögn frá Fiskistofu munu berast ykkur um leið og þau liggja fyrir.

Frekari upplýsingar veitir Dagný Ó. Halldórsdóttir, sérfræðingur á umsjónardeild Vestursvæðis, netfang: dagny.o.halldorsdottir@vegagerdin.is

Síða 2/2

Meðfylgjandi gögn:

- Fylgiskjal 1 – 60-03 Erpsstaðir – Náma 22597
- Fylgiskjal 2 – Leyfi landeiganda á Erpsstöðum
- Fylgiskjal 3 – Umsögn Fiskræktar og veiðifélags Miðdæla
- Fylgiskjal 4 - Umsögn Hafrannsóknarstofnunar, dags. 31.08.2022

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Dagný Ósk Halldórsdóttir

Undirskrift

Vegagerðin

Erpsstaðir

Haugsvæði, 4760 m²

Vinnusvæði, 6550 m²

Efnistökusvæði

Náma 2,150 m²

Vestfjarðarvegur 60-03

Hólsbæjarvegur 582-010

Hnitaskrá:

	Austur	Norður
1.	377333.9154	501097.4557
2.	377378.0657	501048.7891
3.	377353.8308	501026.8031
4.	377309.6804	501075.4697
5.	376480.3617	501564.6731
6.	376518.1335	501479.7540
7.	376496.5754	501467.0892
8.	376458.6143	501466.6201
9.	376403.7191	501544.1152
10.	376347.2717	501648.3998
11.	376411.6673	501654.3299
12.	376448.7502	501556.1939



Áritun byggingafulltrúa

60-03	Dags. 21.11.22
Erpsstaðir - Náma 22597	Útböðsnr. -
Tillaga - náma	Vegnr. -
	Hönnunartíð -
	Teikn. nr. 01
	Útg. -

Verknr. ráðgjafa	Utg.	Breyting	Dags.	Nafn
-	A			
Verknr. ráðgjafa	-			
Verknr. ráðgjafa	-			

	Vegagerðin
Mælikvæði 1:5000	Hannað MG
	Teiknað SFF
	Yfirfarð -
Blaðstærð A3	Samþykkt -

Landmælingar: Vegagerðin
 Hnitakerfi: ISN93 Hæðakerfi: Landshæðarnet
 Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
 Flughæð: 3000m Mæskvæðing: 10x10m
 Hnitakerfi: ISN93 Hæðakerfi: Landshæðarnet
 Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
 Flughæð: 3000m Mæskvæðing: 10x10m
 Kortagerð: Vegagerðin



S:\Svæði\Vestursvæði\Verk\5000 Efnisvinnsla\2023\03 Útböð_Samningur\Erpsstaðir\60-03_Erpsstaðir_tillaga.dgn

Samningur

Vegagerðin, kt. 680269-2899, annarsvegjar og eigendur jarðana Erpsstaða í Dalabyggð, landnúmer L137911, og Þórólfstaða í Dalabyggð, landnúmer L137976, Þorgrímur E Guðbjartsson, kt. 070769-5149 og Helga Elínborg Guðmundsdóttir, kt. 210870-5989, gera með sér eftirfarandi samning um efnisrannsóknir og efnistöku í landi Erpsstaða úr námu nr. 22597 – Klöpp við Erpsstaði og sjá má á meðfylgjandi korti (fskj. 1) - Erpsstaðir – Náma 22597 5.3.2021

1. Gr.

Landeigandi heimilar Vegagerðinni að gera rannsóknir sem miða að því að vinna klæðingarefni úr sprengdu bergi í ofangreindri námu. Rannsóknirnar verða framkvæmdar á borkjörnum sem aflað var í námunni í mars 2021 með munnlegu leyfi landeigenda.

2. Gr.

Landeigandi heimilar Vegagerðinni efnisnám úr námunni allt að 10.000 m³ samkvæmt samningi þessum ef niðurstaða rannsókna leiðir í ljós að bergið sé heppilegt til vinnslu klæðingarefnis. Samþykki landeigenda er háð því að leyfi fáiast fyrir vinnslu efnisins hjá sveitarfélagi og yfirvöldum og að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna.

3. Gr.

Vegagerðin skuldbindur sig til að greiða bætur fyrir hvern rúmmetra af unnu malarefni skv. mælingu hauga að lokinni vinnslu sem hér segir:

Efnisgjald [REDACTED] /m³

→ Vegagerðin skuldbindur sig jafnframt til að greiða eingreiðslu til landeiganda komi til vinnslu að upphæð [REDACTED] kr fyrir hveja vinnslu.

Komi til frekari vinnslu úr umræddri klöpp, eða að upphaf vinnslu dragist lengur en til ársloka 2023, skulur verð í samningi þessum endurskoðuð og samþykkt af báðum aðilum.

4. Gr.

Vegagerðin annast frágang námunar í verklok komi til vinnslu í samráði við landeigendur og ber allan kostnað af verkefninu, þar með talið öflun nauðsynlegra leyfa.

5. Gr.

Landeigandi skuldbindur sig til að semja ekki við aðra aðila en Vegagerðina um vinnslu í námunni í 5 ár frá undirritun þessa samnings án skriflegs leyfis frá Vegagerðinni.

6. Gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Helga Elínborg
Þorgrímur E Guðbjartsson

7. Gr.

Af samningi þessum eru gerð 2 samhljóða eintök og halda aðilar eftir einu eintaki hvor um sig.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.

Staður og dagsetning: Erpsstaðir 16. mars 2021

F.h. Landeigenda

F.h. Vegagerðarinnar

> Helga Elínborg Guðmundsd. Megun Gröfvarsson

Þessi mynd er Guðm.

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu

Lúda Sumarliðsd.
1001714229

Nafn og kennitala

Höskuldur Búi Jónsson
290973-3419

Nafn og kennitala

Fylgiskjöl:

1. Erpsstaðir – Náma 22597 5.3.2021

Fiskræktar og veiðifélag Miðdæla.

Mál: Erindi frá vegagerðinn er varðar efnisvinnslu í landi Erpsstaða.

Magni Grétarsson f.h. vegagerðarinnar hefur óskað eftir umsögn Fiskræktar-og veiðifélags Miðdæla hvort veiðifélagið geri athugasemdir við vinnslu á efni sem er verið að undirbúa að vinna úr námu í landi Erpsstaða og þrífa og vinna nánar við Miða.

Veiðifélagið gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða vinnslu við Miða ef ekki er verið að vinna á þeim tíma sem veiðitímabil stendur sem er frá 1. Júlí – 30 september.

Virðingarfyllst.

f.h. Fiskræktar og veiðifélags Miðár.

Skúli Hreinn Guðbjörnsson.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Vegagerðin Vesturlandi
Sigurður Friðgeir Friðriksson
Borharbraut 11, 310 Borgarnes

Hvanneyri 31.8. 2022

Efni; Efnistaka úr farvegi Miðár í Dölum 2022-08-0497

Inngangur


Vegagerðin hefur óskað umsagnar Hafrannsóknastofnunar vegna fyrirhugaðrar efnistöku á 1000-1500 m³ af mól úr árfarvegi Miðár í Dölum (mynd 1). Miðá rennur meðfram Hálsbæjarvegi á þessu svæði og er hætta á bakkarofi á þessu svæði. Aðgengi að svæðinu er um áreyrar og fyrirhugaður framkvæmdatími utan veiðitíma í ánni (1. september – 30 september).



Mynd 1. Fyrirhugað efnistökusvæði og haugsvæði fyrir efni í Miðá.

Umhverfi og lífríki

Miðá er hrein dragá með uppruna í lækjum á Bröttubrekku og ofan Austurárdals og fellur til sjávar um Sökkólfssdal í hæl Hvammsfjarðar, milli Haukadalsár og Hörðudalsár. Helstu hliðarár eru Austurá, Reykjadalssá, Tunguá og Hundadalssá. Miðá er þekkt fyrir góða veiði á sjóbleikju en einnig er laxveiði oft á tíðum góð í Miðá og undanfarin ár hefur laxinn haft yfirhöndina með tæplega 200 laxa meðalveiði á ári (mynd 2). Bleikja sem hefur verið ríkjandi í ánni hefur látið undan síga á undanförunum árum (mynd 2). Sumarið 2012 fór fram viðamikil rannsókn á búsvæðum, útbreiðslu fisktegunda og seiðaframleiðslu ferskvatnsfiska víðs vegar á vatnasvæði Miðár og hefur seiðaframleiðsla af og til verið vöktuð frá þeim tíma og einnig er árlega safnað hreistri úr laxveiðinni í ánni til að fylgjast með aldurssamsetningu laxastofnsins hverju sinni.



2. mynd. Lax -og bleikjuveiði í Miðá 1974 – 2020.

Umsögn

Seiði laxfiska halda sig einkum á grýttum (möl, smágrýti, stórgrýti) búsvæðum í ám og lækjum en þar sem botnefni eru fíngerðari (leir, sandur) eru aðrir laxfiskar (urriði og bleikja) algengari.

Hafrannsóknastofnun bendir á eftirfarandi ákvæði 33.gr laga um lax – og silungsveiði nr. 61 2006: *Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofnu*“. *Um byggingar og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulags og byggingarlögum, nr. 73/1997 og reglum settum samkvæmt þeim.*

Mat botngerð Miðár frá 2012s ýnir að á fyrirhuguðu efnistökusvæði er gott hrygningar – og uppeldissvæði fyrir lax. Almennt séð er ekki heppilegt að efni sé tekið úr virkum farvegi vatnsfalla eða að efnistaka nálægt virkum farvegi valdi því að árvatn falli inn í efnisámur að lokinni efnistöku og áin breyti farvegi sínum. Því er lagt til að fyrirhuguð efnistaka nálægt farvegi Miðár fari ekki niður fyrir vatnsborð Miðár í eðlilegu rennsli þannig að hætta sé á að áin breyti farvegi sínum. Miðá er frjósöm veiðiá og því þarf að viðhafa varúð við umgengni við ána en skerðing á seiðabúskap getur áhrif á stofnstærð seiða og veiði síðar meir.

Við framkvæmdir þarf sérstaklega að hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn vatnsfalla svo sem að grugga það upp að óþörfu.
- 2) Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við vatnsföll.
- 3) Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið og umferð farartækja um farveginn eins og kostur er.
- 4) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 5) Gætt sé sérstaklega að meðferð eldsneytis og annarra efna sem gætu verið skaðleg lífríkinu.

Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um umhverfisáhrif og hvernig best sé að verki staðið. Lífríki og vistkerfi í vatni eru ekki jafn sýnileg og á landi þótt þar gildi flest sömu lögmál varðandi áhrif framkvæmda. *Ef rétt er að staðið er ekki að sjá að umræddar framkvæmdir hafi umtalsverð áhrif á lífríki eða veiðinýtingu á vatnasvæði Miðár.*

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Sigurður Már Einarsson

fiskifræðingur